

Ed.

158. Nefndarálit

[75. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með þessu frv. er sú breyting gerð á lögum um launaskatt, að gildistími laganna er afnuminn. Minni hlutinn er andvígur því að lögfesta innheimtu þessa gjalds um óákveðinn tíma. Minni hlutinn vill minna á marggefin loforð um nýskípan á tekjuöflun til ríkissjóðs og telur miður rétt að lögfesta einn ákveðinn tekjustofn ótímabundið fram á við.

Minni hlutinn leggur því til að gildistími laganna um launaskatt verði fram-
lengdur um eitt ár.

BREYTINGARTILLAGA.

Við 3. gr. Aftan við greinina bætist: og gilda til loka þess árs.

Alþingi, 13. des. 1977.

Jón Árm. Héðinsson, Ragnar Arnalds.
frsm.